

Skýrsla stjórnar 2007

Kæru félagar og starfssystkin.

Mig langar að byrja á því að þakka Huldu Björk kærlega fyrir að bjóða okkur í bæinn sinn til þessa fundar og þess sem við eigum í vændum á morgun og hinn daginn.

Þessir vorfundir eru að mínu viti mjög mikilvægir og án efa mikilvægasti þáttur okkar starfs. Þeir hafa þróast yfir í það að vara vettvangur fyrir þau verkefni og málefni sem brenna á okkur hverju sinni auk þess að vera fræðandi og vonandi innblástur fyrir okkar starf.

Fundurinn sem framundan er gott dæmi um slíkt. Við munum heyra í fólki sem byggir á reynslu til að miðla af, auk þess sem við heyrum um stefnumótun og ímyndavinnu opinberra stofnana. Hinn daginn er það svo kynning á tveimur rannsóknum sem kollegar okkar, núverandi og fyrrverandi hafa verið að vinna að, auk þess sem vonandi verður svolítil innblástur í lokin.

Vorfundur

En kannski er það ekki fundurinn framundan sem skýrsla formanns SFA á að snúast um. En ástæða þess að ég nefni þetta er sú að ég tel að eitt af því mikilvægasta sem við unnum að á síðasta starfsári hafi verið vorfundurinn á Akureyri fyrir réttu ári síðan. Mér sjálfum verður oft hugsað til hans, ekki síst fyrir innleggin frá Chris og Adie.

Hugmyndin um að vekja uppyggjandi forvitni meðal gesta okkar finnst mér afskaplega aðlaðandi og kannski er það eitt af því sem við verðum að venja okkur við í náinni framtíð að taka afstöðu og ganga skrefinu framár. Stundum hefur verið sagt að okkar holti akkilesarhæll sé sá að öllum líkar svo vel við okkur að við eigum erfitt með að gera betur og verðum sjálf að finna og þróa hvernig þjónusta okkar lagar sig að nýjum og breyttum háttum.

Mér þótti t.d. sérlega vænt um það að einn fyrirlesara okkar, Brynhildur Þórarinsdóttir skyldi fá Norrænu barnabókaverðlaunin.

Mér fannst líka mjög gaman að sjá það að Danmarks biblioteksforening hélt sinn ársfund 28. og 30 mars síðastliðinn í Kaupmannahöfn og þau voru með einn erlendan fyrirlesara og það var Chris Batt.

Við vorum bara ári á undan þeim ?

Hugmyndin með vorfundinum í fyrra var að vinna einhverskonar stefnumótunarvinnu sem síðan gæti snýst okkur bæði í okkar starfi, en einnig í okkar innleggi í stefnumótun Upplýsingar sem þá var komin af stað og við fáum að kynna niðurstöðu þeirrar vinnu á morgun þegar Sigrún Klara Hannesdóttir gerir grein fyrir því starfi.

Ég lít stundum á það sem kom út úr hópvinnum okkar í fyrra, það er aðgengilegt á vef félagsins og í stað þess að fá vonda samvisku yfir því að hafa ekki farið út og boðað fagnaðarerindið, þá höfum við valið að bíða þess að fá i hendurnar verkfæri til þess, þ.e. þróunarsjóð bókasafna sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til bókasafnalaga. En meira um þau á eftir.

Ég held að vinna eins og sú sem við unnum í fyrra ætti að vera fastur liður í starfi félagsins, ekki síst þegar við höfum eignast bókasafnaráð og þróunarsjóð.

Fundur þar sem við setjumst yfir sjórkortin og stingum út stefnuna, gætum að skerjum og boðum og veljum okkur áfangastað.

Síðan skilum við reglulega tillögum til bókasafnaráðs um þau mál er varða almenningubókasöfnin. En þetta er ekki mitt að ákvarða, en þetta er mín tillaga og í samræmi við markmið samtakanna.

Haustfundur

Samkvæmt lögum félagsins á að halda almenna félagsfundu bæði vor og haust og ég verð að taka á mig ábyrgð á því að hafa ekki boðað til haustfundar í haust er leið.

Hugmyndin var að halda þann fund í tengslum við Landsfund Upplýsingar á Selfossi, en þegar til kastanna kom var sá fundur orðinn svo efnismikill og þéttriðinn að eigi var rúm fyrir haustfund.

Ég vona að þetta komi ekki að sök en eins og ég sagði þá tek ég alla ábyrgð á þessu klúðri á mig.

Stjórnarfundir

Og ef ég lýk umfjöllun um fundarhöld í tengslum við fráfarandi stjórn, þá hafa allar fundargerðir verið birtar jafnharðan á vef samtakanna. Hinsvegar höfum við stjórnarmenn, og þá sérstaklega formaður og gjaldkeri verið í sambandi og rætt ýmis mál, þó ekki hafi verið boðað til eiginlegra funda. Ritari dvaldi langdvölum erlendis, auk þess sem hann átti

ekki alltaf heimangengt og því urðu formlegir fundir kannski færri en ella.

Stefnumótunarnefnd

Undirritaður sat sem fulltrúi í stefnumótunarnefnd Upplýsingar og mun ekki fjölyrt um það þar sem stefnan verður birt okkur á morgun, bæði í orði og á prenti, en ég verð þó að segja að ég naut þess að taka þátt í þessari vinnu.

Lestrardagbók

Annað málefni sem mikil leynd hvíldi yfir framanaf og þið munið kannski eftir frá vorfundinum er lestrardagbókin góða sem Landsfundarnefnd á Selfossi á veg og vanda að, en Samtökin styrktu útgáfuna og kom fram sem útgefandi. Nú er komin ósk frá þeim um frekari útgáfu á þessari sömu bók og verður vonandi af því fljótlega. Er það von stjórnar að við fáum þá til baka fjárfestingu okkar í bókinni. Þá væri hægt að nota þá peninga í önnur og skyld verkefni ef ný stjórn kys svo.

Kynningarefni

Þann 27. apríl síðastliðinn barst stjórn svohljóðandi erindi frá Upplýsingu,

“Til stjórnar Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna (SFA).

c/o Hólmkell Hreinsson amtsbókavörður

Stjórn Upplýsingar hefur lengi fyrirhugað að standa fyrir kynningarátaki á bókasöfnum og starfsemi þeirra. Haustið 2001 gerðist félagið aðili að kynningarefni ALA og IFLA um bókasöfn (sjá meðfylgjandi fylgiskjal). Stjórn Upplýsingar sótti um styrk til verkefnisins til menntamálaráðuneytisins, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn, til að aðlaga kynningarefnið íslenskum aðstæðum, einkum til að þróa vef, byggja upp hugmyndabanka, safna slagorðum og prenta kynningarbæklinga. Gert var ráð fyrir að stofnaður yrði vinnuhópur með þátttöku allra safnategunda, það er almenningsbókasafna, skólasafna og rannsóknar- og sérfræðisafna til að annast verkefnið.

Því miður var styrkumsókn félagsins hafnað í menntamálaráðuneytinu og því hefur félagið ekki haft bolmagn til að standa fyrir kynningarátaki. Kynningarmálin hafa öðru hverju verið rædd í stjórn félagsins og ákveðið var á stjórnarfundum þann 23. apríl síðastliðinn að veita kr. 200.000 til kynningarmála og óska eftir samstarfi við Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna.

Lagt er til að stofnuð verði sameiginleg kynningarnefnd SFA og Upplýsingar sem starfi í anda kynningarátaks ALA og IFLA á bókasöfnum. Í nefndinni verði þrjár aðilar tilnefndir frá hvoru félagi. Formaður nefndarinnar verði skipaður af SFA en að öðru leyti skipti nefndin með sér verkum. Jafnframt er óskað eftir að skipað verði í nefndina fyrir 18. maí næstkomandi.”

Við vorum einmitt búin að ræða þetta mál í stjórninni, eins og þið hafið séð í fundargerðum og ég verð að segja að mér finnst þetta vera mjög góð hugmynd og frábært tilboð að hálfu Upplýsingar. Sérstaklega tel ég að slagorðið @ bókasafninu þínu sé hugmynd sem við ættum að nota meira.

En það var ákvörðun ráfarandi stjórnar að vísa þessu til nýrrar stjórnar, þar sem við erum ekki í framboði og þurfum ekki að skrifa undir neinar viljayfirlýsingar eða samstarfssamninga til að ná í atkvæði.

Við teljum óráðalegt að binda hendur nýrrar stjórnar eða skrifa undir neitt svona alveg í blálökin. Hinsvegar er þetta mál á dagskrá á morgun og Þórdís kemur hingað og kynnis þessar hugmyndir og þá höfum við félagsmenn tækifæri til að ræða þessar hugmyndir.

Fulltrúi í IFLA

Til stjórnar kom hugmynd um að félagið myndi tilnefna fulltrúa sinn í fastanefnd IFLA um málefni almenningsbókasafna. Eftir óformlega skoðanakönnun meðal félagsmanna var samþykkt að slá til og fulltrúi okkar

verður borgarbókavörður Anna Torfadóttir. Tilnefningin er til fjögurra ára.

Nú veit ég ekki hvort einher gögn hafa borist, en ef svo er þá bið ég kannski Önnu að segja stuttlega frá því undir önnur mál hér á eftir.

Lög

Eins og þið vitið stendur yfir endurskoðun á lögum um málefni bókasafna. Raunar var það meiningin að við myndum ræða ný lög á þessum vofundi, en sú ákvörðun var tekin í menntamálaráðuneytinu að tengja þessi lög öðrum lögum sem fjalla um skyld málefni, en Eiríkur Þorláksson sem nú verður að teljast einskonar bókafulltrúi fullvissaði mig um að í ráðuneytinu væri eindreginn vilji til að lög í þessum anda yrðu að veruleika á næsta þingi, og vonandi skiptir þá ekki máli hvernig allt veltur á laugardaginn.

Það er mín tillaga til nýrrar stjórnar að hafa gott samband við hann Eirík í menntamálaráðuneytinu, hann hefur reynst áhugasamur og velviljaður embættismaður bókasöfnum landsins. Reyndar er það mín reynsla að það vantar ekki velvilja af hálfu ráðuneytisins, heldur hefur kannski sundurlyndi á sveitarstjórnastiginu fremur verið dragbítur á þróun fremur en vilji ráðuneytisins. En hvað um það væntanlega hefur það lítið uppá sig að vera að benda á einhverja sem um er að kenna eitthvað, heldur horfa ótrauð fram á veginn eins og ég nefndi í upphafi.

Að lokum vil ég koma aðeins inn á stjórn þessa góða félags okkar. Nú hefur það verið svo að fulltrúar allir hafa verið úr sama fjórðungi og hefur það átt að tryggja að auðvelt sé að ná stjórn saman og halda fundi. Mín reynsla er sú að það er ekki endilega svo.

Nú er það svo að næsta stjórn verður væntanlega skipuð góðu fólki frá Borgarbókasafni og er það vel. Hinsvegar tel ég að í framtíðinni megi alt eins hugsa sér að stjórn sé skipuð fólki héðan og þaðan af landinu sem gæti haldið fundi sína í síma en átt fulltrúa nálægt "kjötkötlunum" í Reykjavík og nágrenni til að sækja fundi og annað slíkt.

Eins og ég sagði er þetta ekki tillaga fyrir næstu stjórn, heldur einungis til umhugsunar fyrir okkur öll.

Annað atriði vil ég einnig nefna sem snýr að innra starfi en það er fjöldi félaga okkar. Ég hef heyrt dæmi þess að forstöðumenn telji sig ekki eiga erindi í þetta félag þar sem þeir eru ófaglærðir, eða lærðir í öðru fagi en bókasafnsfræði. Ég tel það ekki eiga að vera svo, það sem við ræðum í þessu félagi eru ekki fagmál bókasafnsfræðinga, heldur sameiginlegir hagsmunir stjórnenda almenningsbókasafna og málefni er tengjast rekstri og starfsemi slíkra stofnana.

Því vil ég beina því til ykkar félagar góðir að þið hafið samband við þau bókasöfn sem þið vitið af í ykkar nágrenni og hvetjið þau til að gerast félagar og taka virkan þátt í starfsemi samtakanna, s.s. með því að sækja vofundi og fylgjast með og taka þátt í umræðum á póstlistanum okkar.

Núverandi félagatal á að vera aðgengilegt á vef félagsins, og eins mun fráfarandi gjaldkeri hún Margrét Aradóttir, sem því miður átti ekki heimangengt að þessu sinni vegna persónulegra aðstæðna eiga uppfærðan lista yfir greiðandi félaga.

Að svo loknu vil ég þakka ykkur fyrir traust og umburðarlyndi í tvö ár og óska nýrri stjórn allra heilla í sínu starfi.

Hólmkell Hreinsson